



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 483

Jón Aðalsteinn Jónsson

(1920 - 2006)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 483

Jón Aðalsteinn Jónsson

Jón Aðalsteinn Jónsson fæddist í Reykjavík 12. október 1920.

Foreldrar hans voru þau Sigríður Jónsdóttir frá Giljum í Mýrdal (1898-1994) og Jón Ormsson rafvirkjameistari frá Efri Ey í Meðallandi (1886-1973).

Jón kvæntist, 9. júlí 1954, Vilborgu Guðjónsdóttur. Hún var fædd á Oddsstöðum í Vestmannaeyjum 22. ágúst 1924. Foreldrar hennar voru þau Guðrún Grímsdóttir (1888-1981) og Guðjón Jónsson (1874-1959) trésmiður og bóndi í Vestmannaeyjum.

Börn Jón og Vilborgar eru þau: Jón Viðar (1955), Guðjón (1958) og Sigríður Sía (1959).

Jón Aðalsteinn var mikilvirkur fræðimaður og vann alla tíð að rannsóknum á íslenskri tungu, ekki síst í tengslum við starf sitt hjá Orðabók Háskólans. Sérsvið hans var skaftfellskt málfar, sem hann hóf að rannsaka þegar í námi sínu í Háskólanum, auk þess sem hann safnaði miklu efni um íslenskt heyskaparmál. Um þessi efni birti hann fjölda ritgerða og greina í ýmsum ritum, tímaritum og blöðum. Meðal annars ritaði hann árum saman stutta málfarspistla í Morgunblaðið sem nutu mikilla vinsælda. Eitt af helstu verkum hans var fræðileg útgáfa á Orðabók sr. Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal (1992), sem kom fyrst út árið 1814 og er fyrsta raunverulega orðabókin um íslenskt mál. Hann sá ásamt öðrum sérfræðingum Orðabókarinnar um þáttinn Íslenskt mál í Ríkisútvarpinu, allt frá því sá þáttur hóf göngu sína árið 1955 og þar til hann var lagður niður vorið 1998. Var Jón meðal umsjónarmanna þáttarins allan þann tíma og hafði um það er lauk annast hann lengur en nokkur annar. Þá var hann lengi prófdómari við stúdentspróf í Menntaskólanum í Reykjavík. Hann kenndi nútímaíslensku við Háskólann í Uppsölum haustmisserið 1950 og Háskólann í Umeå vormisserið 1972.

Jón Aðalsteinn stundaði frímerkjasöfnun frá unga aldri, tók mikinn þátt í félagsstörfum frímerkjasafnara og gegndi þar margvíslegum trúnaðarstörfum: meðal annars var hann formaður Félags frímerkjasafnara um skeið og formaður Landssambands íslenskra frímerkjasafnara frá 1982-1987. Sem safnari sérhæfði hann sig í dönskum frímerkjum frá síðari hluta 19. aldar fram yfir næstliðin aldamót og hlaut hann fjölmörg alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar fyrir það safn. Hann ritaði margt um frímerki og frímerkjasöfnun og sat iðulega

Í dómnefndum á alþjóðlegum frímerkjasýningum, bæði hér á landi og erlendis. Viðamesta rit hans á þessu sviði er verkið Íslensk frímerki í hundrað ár 1873-1973, sem kom út á íslensku og ensku árið 1977. Það er saga íslenskra frímerkja frá upphafi og grundvallarverk um þetta efni. Hann hlaut ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín og var meðal annars sæmdur riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1983.

Jón Aðalsteinn lagði með ýmsum hætti rækt við hinn skaftfellska uppruna sinn, auk þeirra rannsókna á skaftfellsku máli sem fyrr eru nefndar. Hann samdi meðal annars og flutti skýringartexta við heimildarmyndflokk Vigfúsar Sigurgeirssonar, *Í jöklanna skjóli*, sem lýsir mannlífi og gömlum þjóðháttum í Vestur-Skaftafellssýslu á fyrri hluta síðustu aldar. Voru þættirnir gefnir út á myndbandi fyrir nokkrum árum. Síðasta verk hans sem fræðimanns var útgáfa og fræðileg greinargerð um hið svonefnda „himnabréf“, en það var eins konar verndarbréf sem fólk bar á sér og átti að vernda það gegn hvers kyns háska. „Himnabréfin“ voru merkur þáttur í alþýðlegri trúarmenningu og mun ritgerð Jóns, sem birtist innan skamms í Ritmennt Landsbókasafnsins, viðamesta könnun þeirra sem gerð hefur verið hér á landi.

Jón Aðalsteinn Jónsson andaðist 29. júlí 2006.

(Heimild: Morgunblaðið 10. ágúst 2006, bls. 28).

Afhending: Sigríður Sía Jónsdóttir afhenti Borgarskjalasafni skjöl Jóns Aðalsteins Jónssonar í júlí 2012 og júlí 2014.

Tímabil: 1912-2006

Innihald: Bréf, skírteini, námsbækur, ritstörf, bókhald o.fl.

Safnið er lokað utanaðkomandi þangað til Sigríður Sía leyfir annað.

Ljósrit af æviágripi Jóns Aðalsteins Jónssonar úr Morgunblaðinu 10. ágúst 2006, sem kom með safninu, er fremst í öskju númer 1.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1912-1978.

Örk 1

Einkunnablað Jóns A. Jónssonar frá Vigdísi G. Blöndal, 1929.

Austurbæjarskóli í Reykjavíkurskólahéraði. Fullnaðarprófsskírteini Jóns Aðalsteins Jónssonar, 1934,

2 eintök.

Fermingarskeyti, Jóns Aðalsteins Jónssonar, 6. maí 1934.

Ljóð til Jóns Aðalsteins Jónssonar, 6. maí 1934.

Bréf til Jóns Aðalsteins Jónssonar og Vilborgar Guðjónsdóttur á brúðkaupsdegi þeirra frá Sigríði og Jóni Ormssyni, 2. ágúst 1954.

Askja: *Biblía*, fremst í hana er ritað: *Jón Aðalsteinn Jónsson, 12. október, 13 ára, 1933 frá mömmu og pabba.*

Örk 2

Bréf til Jóns Aðalsteins Jónssonar frá foreldrum, 1934-1945.

Örk 3

Æviágrip Vilborgar Stígsdóttur frá Staðarholti í Meðallandi, skráð af Ólafi Ormssyni.

Húskveðja við jarðarför Sigríðar Jakobsdóttur, Giljum.

Bréf, skeyti, ljóð, ljósmyndir o.fl., úr fórum Hjörleifs frá Giljum, 1948-1978.

Bréf frá Jóni Ormssyni til Vilborgar og Jóns Aðalsteins, 6. og 21. júlí 1930.

Bréf frá Markúsi á Giljum til Jóns Ormssonar, 3. og 30. apríl og 18. desember 1941.

Bréf frá Ormari Ormssyni til Jóns Ormarssonar, 1912-1940.

Bréf frá ömmu og afa í Kaldrananesi til Jóns Ormssonar, 23. september 1938.

Bréf frá Sunnevu Ormsdóttur í Efri- Ey til Jóns Ormssonar, 1945-1949 og 1972.

Bréf frá Sunnevu Ormsdóttur í Efri- Ey til Sigríðar Jónssonar, 9. mars 1973 til 24. desember 1975. Eitt bréf frá Guðríði dóttur hennar 1. desember 1976.

Bréf frá Sverri Ormssyni á Kaldrananesi til Jóns Ormssonar, 1942-1948.

Bréf frá séra Kjartani Kjartanssyni á Staðarstað, 2. febrúar 1934, til Jóns Ormssonar (Bréfið fór í sjóinn með öðrum pósti úr Borgarnesi þegar Laxfoss strandaði við Örfirsey).

Bréf til Sigríðar, 9. desember 1915 (Niðurlag vantar).

Nokkur bréf frá kunningjum Jóns Ormssonar (Með þessum bréfum fylgja skýringar Jóni Aðalsteini: „Gísli Jónsson var bæði faktor í Vík hjá Bryde og svo líka í Borgarnesi. Vann pabbi hjá honum og eins Frímenn Frímennsson. Hann var lengi afgreiðslumaður Suðurlandsins og Laxfoss. Jóhannes bóndi í Gröf í Skaftártungum, Sveinn Þorláksson símsstöðvarstjóri í Vík, Eyjólfur bóndi og rithöfundur á Hvoli í Mýrdal“), 1919-1947.

Askja 2

Bréfa- og málasafn 1920-2004.

Örk 1

Bréf til og frá Jóni Aðalsteini Jónssyni og fjölskyldu, 1920-1987.

Bréfabók. Jón Aðalsteinn Jónsson stud. mag. frá 10. október 1942 til 22. júlí 1950.

Minnisbók. Bréf sem Jón Aðalsteinn Jónsson hefur sent, 13. september 1950 til 1. apríl 1985.

Örk 2

Bréf og kort til og frá Jóni Aðalsteini Jónssyni og fjölskyldu, 1972-1999.

Örk 3

Bréf til og frá Jóni Aðalsteini Jónssyni og fjölskyldu, 1990-2004.

Bréfefni og umslög merkt Jóni Aðalsteini Jónssyni.

Askja 3

Bréfa- og málasafn, A- R, 1963-2003.

Bréf til Jóns Aðalsteins og Vilborgar frá börnum, ættingjum og vinum. Raðað A-R (ekki alveg séð hvort raðað er eftir fornafni eða eftirnafni).

Askja 4

Bréfa- og málasafn, S-Ö, 1947-1989.

Bréf til Jóns Aðalsteins og Vilborgar frá börnum, ættingjum og vinum.

Fremst í öskjunni eru bréf frá Sigríði dóttur þeirra 1980-1989. Raðað S-Ö (ekki alveg séð hvort raðað er eftir fornafni eða eftirnafni).

Askja 5

Bréfa- og málasafn 1932-2000.

Örk 1

Minning frá sumrinu. Ferðasaga Jóns Aðalsteins Jónssonar, 7. bekk D, líklega 1932.

Námssamningur. Jón Aðalsteinn Jónsson gerir námssamning í rafvirkjun við Jón Ormsson, 12. október 1936, 2 samningar.

Uppkast að bréfi til rektors Menntaskólans í Reykjavík, 10. ágúst 1938.

Menntaskólinn í Reykjavík. Einkunnabók Jóns Aðalsteins Jónssonar, í III. bekk, án árs.

Menntaskólinn í Reykjavík. Einkunnablað Jóns Aðalsteins Jónssonar, 16. júní 1938.

Menntaskólinn í Reykjavík. Einkunnabók Jóns Aðalsteins Jónssonar, skólaárið 1939-1940.

Menntaskólinn í Reykjavík. Einkunnabók Jóns Aðalsteins Jónssonar, skólaárið 1940-1941.

Menntaskólinn í Reykjavík. Einkunnabók Jóns Aðalsteins Jónssonar, skólaárið 1941-1942.

Háskóli Íslands. Námsferilsbók Jóns Aðalsteins Jónssonar, 1942-1945.

Ökuskírteini, útgefið 16. júní 1941.

Nafnskírteini, útgefið 9. desember 1941.

Augnvottorð, 9. júlí 1946.

Sakavottorð, 11. júlí 1946.

Nafnskírteini, útgefið 11. desember 1947.

Heillaóskaskeyti til Jóns Aðalsteins Jónssonar, 25. janúar 1949.

Menntamálaráðuneytið. Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag. skipaður kennari við

Kennaraskólann í Reykjavík, 27. september 1949.

Menntamálaráðuneytið. Bréf til Jóns Aðalsteins Jónssonar þar sem hann er beðinn að koma og undirrita drengskaparheit og greiða stimpilgjald, 27. september 1949.

Heillaóskaskeyti til Jóns Aðalsteins Jónssonar á fertugsafmæli, 12. október 1960.

Húsaleigusamningur. Jón Aðalsteinn Jónsson leigir Ásdísi Hafliðadóttur Sjafnargötu 1, 20. mars 1969.

Tillaga og álitsgerð vegna umsóknar Jóns Aðalsteins Jónssonar um forstöðumannsstöðu við Orðabók Háskólans, 21. nóvember 1979.

Vísindafélag Íslands. Tilkynning um að Jón Aðalsteinn Jónsson hafi verið tekinn inn í félagið, 10. apríl 1982.

Menntamálaráðuneytið. Jóni Aðalsteini Jónssyni veitt lausn frá stöðu forstöðumanns Orðabókar Háskólans, 15. september 1989.

Til hamingju með afmælið Jón Aðalsteinn Jónsson afi okkar, hefti með sögum, ljóðum og teikningum, líklega á áttæðisafmæli Jóns árið 2000.

Minnisbók Jóns Aðalsteins Jónssonar, án árs.

Minnisbók Jóns Aðalsteins Jónssonar, 1959-1967.

Örk 2

Stafsetningarverkefni, 1945-1952.

Prófaverkefni í íslensku o.fl., 1945-1969

Mappa: Bréfaskriftir Jóns Aðalsteins Jónssonar við vini í Svíþjóð o.fl., 1953-1999.

Mappa: Bréfasamskipti við íslensku póstsstjórnina o.fl., 1970-1972.

Mappa: Ýmis bréfasamskipti vegna sögu íslenska frímerkisins o.fl., 1972.

Mappa: Alvar Carlson, Arboga. Bréf frá honum, 1959-1979.

Mappa: Frímerkjauppböð, erlendis og innanlands, tilboð og kaup, 1960-1974.

Askja 6

Bréfa- og málafn 1961-1998.

Mappa: C. Hb. Stavegard, Gautaborg. Bréf frá honum, 1961-1972.

Mappa: Bréf vegna fræði- og rannsóknastarfa. Fremst er skipunarbréf Jóns Aðalsteins sem forstöðumanns Orðabókar Háskólans, 1962-1972.

Mappa: Josef Görtler, Vestur- Þýskaland. Bréf frá honum, frímerki o.fl., 1962-1986.

Mappa: K. Halter, Berlín. Bréf frá honum og merki, 1962-1995.

Mappa: Stokkhólmur- Islandssamlarna. Bréf, meðlimakort í Sveriges Filatelist-Förbund 1972, frímerkjalistar o.fl., 1965-1973.

Mappa: Prófdómarastörf. Prófverkefni og einkunnir, 1966-1998.

Askja 7

Bréfa- og málafn 1966-2012.

Örk 1 1966-1998

Skipulagsmál, breytingar o.fl.

Bréf, blaðaúrklippur, teikningar, auglýsingar

Örk 2

L.Í.F. Einkaskjöl og bréf Jóns Aðalsteins Jónssonar varðandi L.Í.F (Landsamband Íslenskra Frímerkjasafnara) o.fl., 1967-1987.

Mappa: Gautaborg. Ýmis bréf o.fl., 1969-1973.

Mappa: Aage Jakobsen, Nakskov. Bréf frá honum, 1969-1976.

Mappa: Aage Jakobsen, Nakskov. Afrit af bréfum Jóns Aðalsteins til hans o.fl., 1969-1978.

Mappa: Bréf til Jóns frá Reginu og Horst Neubert í Austur- Þýskalandi, uppköst að bréfum frá Jóni Aðalsteini til þeirra o.fl., 1969-2012. Fremst í möppunni er frásögn sem Sigríður Sía Jónsdóttir hefur ritað um Horst og bréfaskriftir þeirra Jóns, 18. júlí 2012.

Askja 8

Bréfa- og málafn 1970-1987.

Ættartölubók Jóns Aðalsteins Jónssonar, án árs.

Mappa: Bréf vegna skipta við íslensku póststjórnina o.fl., 1970-1972.

Mappa: Umeå. Bréf, ráðstefnur, erindi, meðlimaskrár o.fl., 1971-1986.

Mappa: Ýmis aukastörf. Matsgerðir o.fl., 1972.

Mappa: Ýmis bréfaskeiði vegna sögu íslenska frímerkisins o.fl., 1972.

Mappa: Uppsálir. Bréf o.fl., 1972-1987.

Mappa: Bréfaskeiði við frímerkjasafnara í Stokkhólmi, 1976-1977.

Umslag: Boðskort og matseðill frá 1908.

Námsbækur

Askja 9

Bréfa- og málafn, námsbækur.

Sögur og ljóð, 6. D.

Glósur í Íslandssögu I, III. B.

Glósur í Íslandssögu II, III. B.

Íslenskar ritgerðir, III. bekkur B.

Setningafræði, III. B.

Ljóð, glósur, III. B.

Ljóð, IV. A.

Íslenskar ritgerðir, IV. A.

Þýskar glósur, V. A.

Glósur í frönsku, V. A.

Réttritunaræfingar, V. A.
Íslenskar ritgerðir, V. A.
Glósur í frönsku II-V, VI. A.
Enskar glósur, VI. A.
Glósur í sögu, VI. A.
Glósur í náttúrufræði, VI. A., 2 bækur.
Glósur í íslensku, VI. A.
Glósur í íslensku 1941-1942, VI. A.
Íslenskar ritgerðir, VI. A.
Glósur í sögu, 1942.
Orðaskýringar, 1942.
Glósur í hljóðfræði, 1942.
Bókmenntasaga I, 1942.
Íslensk tunga, fyrirlestrar um hljóðskipti, 1942-1943.
Bókmenntasaga II, 1943.
Bókmenntasaga, fyrirlestrar, 1943.
Bókmenntasaga, fyrirlestrar, 1943.
Saga Íslands I-VII, 1943-1944.
Bókmenntastefnur o.fl., VI. A.

Askja 10

Bréfa- og málafn, námsbækur, 1944-1955.

Bókmenntasaga, 1944.
Íslensk tunga, 1944.
Örnefni o.fl., 1944.
Íslensk saga I-V, 1944-1945.
Hljóðfræði, 1944-1945.
Saga Íslands V, 1944-1946.
Hljóðfræði, 1945.
Saga, 1945.
Íslenska, 1945.
Saga Íslands I-VI, 1945-1946.
Íslenska, 1946.
Kveðskapur, 1946.
Íslenska, 1947.
Juniata composition. Nemendaskrá Kvennaskólans í Reykjavík. Fremst í henni er stundskrá, námsefni, minnisblöð o.fl., 1953-1954.
Juniata composition. Nemendaskrá Kvennaskólans í Reykjavík. Fremst í henni er ritgerðarverkefni, stundskrá, námsefni, minnisblöð o.fl., 1954-1955.

Askja 11

Bréfa- og málafn, námsbækur og ráðstefnur 1976-1995.

Gotneska.
Orðaskýringar yfir Sturlungu.

Fornhábýska.
Skáldamál.
Ritgerðir.
Skáldamál.
Réttritun.
Carmina sealdica, 2 hefti.
Bókmenntir
Hljóðfræði I-III.

Ráðstefnur

Fundargerð frá ráðstefnu um stafsetningarmál, í Reykjavík, 30. október 1976.
Finlandia 88, ráðstefna í Helsinki, 1.-12. júní 1988.
Nordia 95, ráðstefna í Malmö, 23.-30. október 1995.

Askja 12

Bréfa- og málafn, ritverk o.fl., án árs.

Örk 1

Ýmislegt efni, sögur, orðskýringar, bragfræði o.fl., án árs.

Umslag: Kvikmyndatextar, afrit, án árs.
Hefti um íslensk skáld, vélritað handrit, án árs.
Forn íslensk einhljóð, skrifað handrit, án árs.
Germanska o.fl., skrifað handrit, án árs.
Hrafnkels saga Freysgoða: Nokkrar skýringar og athugasemdir, vélritað handrit, án árs.
Kennimyndir og afleiddar myndir sterkra sagna, skrifað handrit, án árs.
Sendibréf frá Jóni Árnasyni bókaverði til amtmanns Rolf Arpi í Uppsölum, skrifað handrit.
Víkingaöldin. Inngangur og yfirlit, vélritað handrit, án árs.
Þórbergur Þórðarson og Halldór Kiljan Laxness, fyrirlestur, skrifað handrit, án árs.
Jónas Hallgrímsson, vélritað handrit, án árs.
Hugleiðingar tveggja erlendra fræðimanna um íslenzkan framburð fyrir 65 árum, skrifað handrit, án árs.
Saga konungsvalds og kirkju frá 1300 til siðaskipta, vélritað handrit, án árs, 2 eintök.
Uppruni stuðlunar, skrifað handrit, án árs.
Ágrip af sögu Þorgils og Hafliða, vélritað handrit, án árs.
Deilur Oddaverja og Norðmanna, Snorri og utanför hans, vélritað handrit, án árs.
Það besta um íslenzka bragfræði dregið hér saman í örstutt mál, skrifað handrit, án árs.
Íslenzkar mállyszkur, skrifað handrit, án árs.
Þættir úr sögu Íslands eftir 1874, skrifað handrit, án árs.
Rudolf Binding í Der Opfergang, vélritað handrit án árs.

Askja 13

Bréfa- og málafn 1920-1982.

Mappa. (1920-1929)

Ljósmynd. Mynd af legsteini Guðrúnar Ólafsdóttur og Orms Sverrissonar, 2 myndir.
Ættartala Jóns Jónssonar frá Giljum, handskrifuð, án árs.
Minningarljóð um Jón Jónsson frá Giljum, undirritað Eir. E. Sv., 20. júlí 1920, afrit.
Minningarljóð um Jón Jónsson frá Giljum, undirritað E. E. Sv., 1920, afrit.
Brúðkaupsljóð til hjónanna Guðjóns og Hólmfríðar, 11. júlí 1925, bæði handskrifað og prentað.
Ljóð til Guðrúnar Ólafsdóttur og Orms Sverrissonar frá Efri-Ey á gullbrúðkaupsdegi þeirra, 23. ágúst 1929, afrit.

Örk 1 1959-1971

Markús Jónsson frá Giljum (1906-1970).

Vegabréf Markúsar Jónssonar, útgefið 10. ágúst 1964. Inni í því eru tvær ljósmyndir:
Ljósmynd af fjórum mönnum, Markús annar frá hægri. Ljósmynd líklega tekin á kaffistofu, Markús fremst til hægri.
Markús Jónsson. Sigling með *Hamrafellinu*, ferðasaga, 1964.
Þakkarkort og blaðaúrklippa.
Arfleiðsluskrá Markúsar Jónssonar, 16. júní 1959.
Skuldaviðurkenning. Jón Aðalsteinn Jónsson tekur lán hjá Markúsi Jónssyni, 18. júlí 1968.
Viðauki við erfðaskrá Markúsar Jónssonar, 8. desember 1967.
Markús Jónsson sjötugur. Heillaskeyti, kort og ljóð, 20. október 1962.
Minningarorð um Bergþóru Sveinsdóttur, Hallgrím Bjarnason og Kjartan Leif Markússon, skrifaðar af Markúsi Jónssyni, án árs.
Minningarorð um Markús Jónsson, eftir Jón Aðalstein Jónsson, 1970.
Minningarljóð um Markús Jónsson undirritað af V.H.
Mappa: Erfðafjárskýrsla. Bréf vegna skiptingar búans, uppgjör o.fl., 1970-1971.

Örk 2 1945-1982

Hjörleifur Jónsson (1888-1982).

Arfleiðsluskrá Hjörleifs Jónssonar, 21. ágúst 1945.
Bréf Úlfs Gunnarssonar, sem Hjörleifur fer með á ferðalagi milli Herning og Kaupmannahafnar, 30. júlí 1954.
Bréf til Hjörleifs og Markúsar Jónssona, frá Anna Skabo Erichsen, 21. febrúar 1955.
Arfleiðsluskrá Hjörleifs Jónssonar, 21. nóvember 1975.
Umslag: Minningarkort um Hjörleif Jónsson, 1982.

Umslag

Minningarkort um Guðjón Jónsson frá Oddsstöðum, 1959.

Umslag

Þakkarkort vegna Guðrúnar Grímsdóttur frá Oddsstöðum, án árs.

Umslag

Bréf frá Steindóri Steindórssyni til Jóns Aðalsteins Jónssonar, vegna frásagnar Markúsar Jónssonar um bræðurna frá Efstu- Grund, og handrit frásagnarinnar, 5. júní 1961.

Askja 14

Bréfa- og málafn, bréf úr Bergshúsi, 1874-1922.

Sigríður Sía Jónsdóttir segir að Jón Aðalsteinn Jónsson „hafi á sínum tíma keypt talsvert af bókum og bréfum úr Bergshúsi. Sem ástríðufullur frímerkjasafnari hefur hann rifið frímerkin af umslögum, en það var vani á árum áður“.

„Bréfin eru til Bergs Þorleifssonar (1841-1918) söðlasmiðs, Hólmfríðar Árnadóttur (fædd 5. mars 1846) og Guðrúnar H. Bergsdóttur (fædd 12. mars 1887). Bergshús var lágt timburhús sem áður stóð við Skólavörðustíg 10, nánar til tekið á neðra horni Bergstaðastrætis, vinstra megin götunnar á gatnamótum Skólavörðustígs. Húsið var kennt við Berg Þorleifsson söðlasmið sem átti það í næstum hálfa öld, frá því um 1885. Bergshús var íbúðarhús fram til um 1960“.

Örk 1

Bréf til Bergs Þorleifssonar, 1874-1913.

Afmælis- og jólakort til Bergs og Hólmfríðar, 1900-1903.

Umslag með mynd af ungri konu, án árs.

Örk 2

Bréf til Hólmfríðar Árnadóttur, 1878-1922.

Lítil handskrifuð bók merkt : Hólmfríður Árnadóttir. Ljóð, frásagnir o.fl., án árs.

Örk 3

Bréf Önnu og Guðrúnar Bergsdætra til foreldra sinna, 1889-1916.

Örk 4

Bréf til Guðrúnar H. Bergsdóttur, 1897-1916

Örk 5

Bréf til Guðrúnar H. Bergsdóttur, 1910-1917.

Örk 6

Ljóð, grafskriftir, ísaumsmunstur, almanak 1873, póstkort o.fl.,

Reikningur til Bjarna Magnússonar frá versluninni Víkingi, í desember 1911.

Frækorn heimilisblað VI. árg. 9. tbl. 15. maí 1905.

Prentað mál og bókhald

Askja 15

Prentað mál og bókhald 1906-1999.

Grafskrift: Guðni Jónsson fyrrverandi prófessor, 1974.

Guðrún P. Helgadóttir o.fl. *Skýringar og bókmenntalegar leiðbeiningar við sýnisbók íslenzkra bókmennta*, 1954.

Árni Björnsson. *Kennslubók í bókfærslu* (III. B.), 1934.

Jónas Jónsson. *Dýrafræði*: Kennslubók handa börnum, annað hefti, 1929.

Ólafur Daníelsson. *Reikningsbók*, merkt Ormur Ormsson, 1906.

Leiðarvísir við rúmteikningu handa lönnskólanemendum, merkt Jóni Aðalsteini Jónssyni I. A., 1931.

H.J. Phil. *Kennslubók í rúmfræði handa gagnfræðaskólum*, 1938.

Ríkisútvarpið. *Dagskrá*, 1.-4. janúar 1958.

Jón Jóhannesson. *Historia Islandorum*, fyrirlestrar, 1944-1945.

Jón Jóhannesson. *Historia Islandorum*, fyrirlestrar, 1945-1946.

Þorkell Jóhannesson. *Historia Islandorum*, fyrirlestrar, 1944-1945.

Bókhald

Afrit af skattframtölum, 1951-1969.

Ávísanahefti, Livstrygdelaget Andvaka iðgjöld, opinber gjöld og ýmsir reikningar fyrir Sjafnargötu 1, bréf til og frá Skattstofu, reikningar, ógild hlutabréf í Eimskip og Hampiðjunni, um útgreiðslu arðs, reikningar vegna Geitarstekks 9 o.fl., 1931-1999.

Skráð í september 2013
GBS

Askja 16

Bréfa- og málafn 1922-2002

Verðlaun fyrir frímerkjasafn 1980. Jon Jonsson - *Medalla de Vermeil Cien Anos De Estamillas De Islandia 1873-1973*.

Blaðaúrklippa. *Islänning undervisar för första gången i nyisländsk i höst*. Uppsala Nya Tidning 21. september 1950, ásamt ljósmynd af Jóni Aðalsteinssyni og Valter Jansson. Bréf til viðreisnar Kolviðarhóls 1960, kr. 500.

Bréf Jóns Aðalsteins Jónssonar vegna skólavistar sonar hans Jóns Viðars í æfingardeild Kennaraskóla Íslands 1964.

Bréf 1992, bréf frá Þórði í Skógum um himnabréf 2000 og 2001.

Bréf frá Jóhan Hendrik um himnabréf 2001-2002.

Bréf frá Sveinbirni B. Jacobsen um himnabréf 2002.

Afmæliskveðja í bundnu máli til Jóns Ormssonar 1946.

Míningar- og kveðjuorð Jóns Aðalsteins um hjónin Guðfinnu Gísladóttur og Halldór Guðmundsson.

Boðskort í fermingarveislu í Leikhúskjallarann 1953.

Boðskort forseta Íslands í nýársmóttöku á Bessastöðum 1. janúar 2006.

Jólaort frá Vigdísi Finnbogadóttur 1995.

Jólaort frá 1922, 1956, 1966, 1971, 1981 og án árs.

Sýnishorn af bréfsefni og umslögum Jóns Aðalsteins Jónssonar o.fl.

Dagbækur - litlar 1950, 1953-1955, 1965, 1967-1969, 1974, 1976-1977.

Nafnspjöld einn kassi - Jón Aðalsteinn Jónsson.

Stimpill. Jón Ormsson.

Pennasett.
Frímerkjatöng.
Umslag: Litlar ljósmyndir/kort.

Skólablöð

Skólablaðið 2. tbl. 1938.
Skólablaðið 1. og 4.. tbl. 1939.
Skólablaðið jólin 1939.
Skólablaðið 3.-5. tbl. 1940.
Skólablaðið jólin 1940.
Skólablaðið febrúar 1941.
Skólablaðið 4 tbl. 1941.
Skólablaðið 1.-4. tbl. 1942.
Skólablaðið 5. tbl. 1944.
Skólablaðið febrúar 1941.
Skólablaðið 1. tbl. 1956.
Skólablaðið 4.-5. tbl. 1957.

Breviarium tertiensis. Skólablað án árs.

Kvennaskólablaðið 1953.
Kvennaskólablaðið 1954.
Kvennaskólablaðið 1955.

Askja 17

Myndir, póstkort og fleira 1913-1977

Albúm með póstkortum 1913-1977 og án árs.
Myndaalbúm: Íslenskar eimskipamyndir.
Albúm: Litlar ljósmyndir/kort.
Myndir 2 stk. Jón Aðalsteinn Jónsson.
Dagbók 1959.

Askja 18

Munir 1955-2002

Gestabók 1990-2002.
Silfurkassi. Þakklæti fyrir störf í þágu Orðabókar Háskólans 1955-1989.
Innsigli Jóns Aðalsteins Jónssonar.
Vindlahylki.

*Skráð í september 2014,
Jakobína Sveinsdóttir*